

Afhent á fundi með fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra 25.2. 2016

Samskipti við ráðuneyti vegna yfirfærslu á hjúkrunarheimilinu Ísafold

1. Fundir í Velferðaráðuneytinu 24.10, 14. 11, og 1.12 2014 til að ræða stöðu Ísafoldar
Á fundunum kom fram að Sjúkratryggingar væru í viðræðum við Samtök í velferðapjónustu um kostnaðargreiningu og fleira vegna rekstrar hjúkrunarheimila.Von bráðar færi að draga til tíðinda
2. Við fylgjumst með þeim viðræðum og fáum upplýsingar frá Samtökum í velferðapjónustu.
3. Eigum fund með sjúkratryggingum um gang mála 1. júní 2015. Þar kemur fram að ekki sé hægt að segja neitt til um hvenær eða hvernig þessum viðræðum ljúki eða hvort einhver hækkun verði á daggjöldum.
4. Sjáum í fjárlögum að engin hækkun er til staðar og að ekki eigi að taka á vanda hjúkrunarheimila.
5. Bréf sent á heilbrigðisráðherra 19. október 2015 þar sem gerð er krafa um að íslenska ríkið greiði til baka fé sem lánað hefur verið til hjúkrunarheimilisins. Óskað er eftir svari fyrir 15 nóvember.
6. Fundur 27. nóvember með Sjúkratryggingum Íslands og farið yfir stöðuna og m.a. kvartað undan því að ekki berist svar frá ráðuneytinu.forstjóri S.Í upplýsti að engar verulegar breytingar á daggjaldakerfinu væru í farvatninu, sem myndu geta mætt fjárförf hjúkrunarheimilisins Ísafoldar, og auk þess væri ekki fyrirhugað að leiðrétta greiðslur vegna eldri tíma þar sem til þess væru ekki fjárheimildir.
7. Bréfi lögmannsins svarað af ráðuneyti 2. desember og kröfum hafnað.
8. Fundur í ráðuneytinu 10 des. Þar sem fram kom að ekki yrði hækkun á daggjöldum og ekki vilji fyrir því að greiða vangoldin daggjöld. Garðabær gerir kröfu um að ríkið yfirtaki reksturinn. Samþykkt að ráðherra skoði yfirtöku rekstrar, ákveðið að Garðabær sendi uppkast af samningi um það.
9. Tölvupóstur sendur 30 desember þar sem uppkast af samningi vegna yfirtöku er sendur með og að yfirtakan verði 1. apríl 2016
10. Svar frá ráðuneytinu berst við tölvupósti 8. Janúar þar sem ráðuneytið boðar fund síðar í janúar og að dagsetningin 1. apríl gangi ekki upp
11. Fundur í ráðuneytinu 28. janúar þar sem fram kemur að ráðherra sé tilbúinn að taka yfir reksturinn. Óskað er eftir gögnum frá Garðabæ sem send voru nokkrum dögum síðar. Lögð var áhersla á að um væri að ræða tæmandi gögn frá Garðabæ.
12. Fundur í ráðuneytinu 15 febrúar þar sem fram koma að ráðherra væri tilbúinn að taka yfir rekstur með þeim skilyrðum að reksturinn væri lagaður. Ákveðið að hittast í vikunni til að ræða launamál og síðan að næsti fundur yrði 22. febrúar. Báðum þessum fundum frestað af hálfu ráðuneytisins og óskað eftir frekari gögnum frá Garðabæ. Næsti fundur ekki verið boðaður.
13. Ritari fjármálaráðherra boðar fund með bæjarstjóra og heilbrigðisráðherra 25. febrúar.
14. Bæjarstjóri svarar ritara að hann telji eðlilegt að frestaður fundur með ráðuneyti fari fram áður en hann hitti ráðherra.Það gengur ekki upp.
15. Tölvupóstur sendur á Velferðaráðuneytið 23. feb. þar sem ítrekað er ósk um fund með ráðuneytinu vegna launamála starfsfólks Ísafoldar. Ekkert svar berst.
16. Bæjarstjóri Garðabæjar boðar komu sína á boðaðan fund með fjármálaráðherra og vill taka með sér lögmenn Garðabæjar. Ritari fjármálaráðherra sendir skilaboð um að fundurinn sé eingöngu með honum, bæjarstjóra og heilbrigðisráðherra
17. Fundur með fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra 25.2. 2016.
18. Ítrekun send á ráðuneyti um fund 1.3., 7.3, 9.3 og 10 3. 2016, ekkert svar borist

